



Öryggismyndavélar

VINSAMLEGA ATHUGIÐ ÁÐUR EN KAUP Á FOSCAM ÖRYGGISMYNDAVÉL ERU ÁKVEÐIN AÐ:

- 1) Kaupandi hafi kunnátta á uppsetningu snjallforrita á *Android* eða *iPhone* sínum.
- 2) Netbúnaður sé af nýlegri gerð með áskrift að gagnmagni, annaðhvort hefðbundinn eða 4G router.
- 3) Nauðsynlegt er að fylgja *Quick Setup Guide* leiðbeiningum sem koma með öryggismyndavélinni.
- 4) Viðmót Foscam snjallforritsins og leiðbeiningar eru á ensku.

Uppsetning Foscam hugbúnaðarins

Uppsetning öryggismyndavélarnar er framkvæmd í gegnum Foscam snjallforritið í *Android* eða *iPhone* síma og því er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig það er gert. Áður skal sækja snjallforritið fyrir viðkomandi síma og stofna aðgang notanda. Athugið að ef síminn er kominn til ára sinna, gæti það komið í veg fyrir uppsetningu.

Mælt er með að skrá notanda og öryggismyndavélina í Foscam skýlausn undir myfoscam.com sem einfaldar uppsetningu, vistar upptökur og eykur notagildi Foscam myndavélarnar til muna með hagkvæmum hætti.

Einnig er mögulegt að setja micro-SD minniskort í öryggismyndavélina og þá er hægt að nálgast upptökurnar úr minniskortinu með því að tengjast öryggismyndavélinni beint úr Foscam snjallforritinu. Forsníða getur þurft minniskortið eftir FAT32 formati. Sérstaklega á þetta við um 64GB og 128GB kort. Slíkt tól má nálgast á vefsíðunni *Foscam.com - Support*. Athugið að minniskort fylgir ekki með öryggismyndavélinni.

Uppsetning Foscam öryggismyndavélarnar

Fyrst skal kanna hvort nettengingen sé í lagi og að Wi-Fi þráðlausa netið virki. Hugsanlega þarf notandi að hafa samband við sitt fjarskiptafyrirtæki vegna netbúnaðar og Wi-Fi tenginga til að sannreyna netsamband og rétta uppsetningu þess.

Þegar netsambandið hefur verið sannreynt þá skal tengja netbúnaðinn (router) við öryggismyndavélina með ethernet netsnúru (LAN) á meðan að uppsetning fer fram og þar til Wi-Fi netið hefur verið skráð í snjallforritið.

Tengja skal meðfylgjandi Foscam spennubreyti við öryggismyndavélina og í 220-240V rafmagn.

Foscam snjallforritið í símanum er opnað og smellt á plús (+) hnappinn efst í hægra horni valmyndar og því næst skal skanna QR kóðann sem er aftan á eða undir myndavélinni. Myndavélín er þar með tengd við notandann.

Til að tengja öryggismyndavélina við þráðlaust net, skal velja *Settings* (tannhjól) efst í hægra horninu og síðan *Network* vinstra megin fyrir miðri mynd. Þá skal velja heiti netsins og skrá inn lykilorð (Wi-Fi key) sem stendur yfirleitt aftan á netbúnaði (router) eða undir honum. Þegar Wi-Fi þráðlausa tengingen hefur verið sett upp í Foscam snjallforritinu þá má aftenga ethernet netsnúruna á milli netbúnaðar og myndavélar.

Athugið að ekki er mögulegt að setja SIM síma-/netkort í Foscam öryggismyndavélar.

Nauðsynlegt er að hafa *Quick Setup Guide* leiðbeiningarnar við höndina þegar uppsetning hefst.

GERT ER RÁÐ FYRIR AÐ KAUPANDI FRAMKVÆMI OFANGREINDAR UPPSETNINGAR SJÁLFUR Á EIGIN ÁBYRGÐ.

SVÖR VIÐ ALGENGUM SPURNINGUM

þarf ég að eiga snjallsíma til að setja upp og nota Foscam öryggismyndavélina?

- Já, við uppsetningu er nauðsynlegt að tengja myndavélar við notanda í gegnum snjallsíma. Kunnáttu í stillingu snjallforrita sem tengast öðrum nettengdum tækjum er nauðsynleg.

Get ég tengst öryggismyndavélinni í tölvunni?

- Já, myndavélarnar eru aðgengilegar í gegnum vafra viðkomandi notanda í skýlausninni á myfoscam.com.

Get ég fengið tilkynningar frá öryggismyndavélinni?

- Já, inn í snjallforritinu getur þú stillt hvort þú viljur fá tilkynningu í símann þegar myndavélin nemur hreyfingu og stillt hvort varðveita skuli myndskeið í tiltekinn tíma í Foscam skýinu eða á micro-SD minniskorti í vélinni.

Hvernig tek ég upp myndefni á Foscam?

- Foscam býður hagstæð kjör á einfaldri skýlausn sem geymir myndskeið og -upptökur í tiltekið tímabil samkvæmt þeirri áskrift sem valin er. Mælt er með að skrá notanda og öryggismyndavélina í Foscam skýinu undir myfoscam.com sem einfaldar uppsetningu, vistar upptökur og eykur til muna notagildi Foscam myndavélarnar. Einnig er hægt að setja micro-SD minniskort í öryggismyndavélina og þá er má nálgast upptökurnar úr minniskortinu með því að tengast öryggismyndavélinni beint úr Foscam snjallforritinu.

Hvernig nýti ég micro-SD minniskort?

- Mögulegt er að setja micro-SD minniskort í nýju Foscam myndavélarnar. Nota þarf sexkant til að opna hólfíð sem hylur minnisraufina. Hægt er að ná í forrit til að forsníða minniskortið eftir FAT32 formati á síðunni foscam.com/downloads/app_software.html, en forsníða þarf sérstaklega minniskort af stærð 64GB og 128GB. Hafa ber í huga að sum minniskort eru ekki gerð fyrir háskerpu og því ónothæf.

Tekur öryggismyndavélin upp í myrkri?

- Já, Foscam öryggismyndavélarnar taka upp myndefni í háskerpu í niðamyrkri með tækni innrauðra ljósadíóða.

Get ég tengst mörgum vélum í sama snjallforritinu?

- Já, mögulegt er að tengja allt að 64 myndavélar við einn notanda og geta Foscam öryggismyndavélarnar verið staðsettar hvar sem er í heiminum svo lengi sem þær eru í netsambandi og með rafmagn.

Geta fleiri en einn tengst Foscam myndavélinni og hvernig er aðgangsstýringunni hattar?

- Já, notanda hefur umsjón með aðgangsstýringu í Foscam snjallforritinu og á myfoscam.com og getur t.d. veitt fjölskyldumeðlimum skoðunaraðgang eða öðrum sem hann treystir. Hverfandi líkur ættu að vera á að tölvubrjótar finni myndavélina á netinu og brjótist inn í hana ef lykilord er nægilega langt. Notandi getur fylgst með log-skrá til að skoða hverjir hafi tengst öryggismyndavélinni.

Get ég straumfætt öryggismyndavélina með tölvusnúru (PoE)?

- Nei, myndavélin þarf að vera tengd rafmagni með 220-240V spennu og meðfylgjandi straumbreyti. Því er ekki hægt að fá straum í gegnum ethernet netsnúruna á þeim vélum sem eru í verslunum. Þó er hægt að sérpanta slíkar myndavélar fyrir fagaðila.

EF UPP KOMA EINHVERJIR ERFIÐLEIKAR VIÐ UPPSETNINGU

Mikilvægt er að fara aftur yfir allar ábendingar hér að framan og lesa *Quick Setup Guide* leiðbeiningarnar aftur.

Sannreyna að Wi-Fi þráðlausa netið virki rétt og að netbúnaðurinn styðji þann samskiptastaðal sem öryggismyndavélin styðst við hverju sinni.

Aðstoð og ítarlegar upplýsingar á ensku má nálgast á [Foscam.com - Support](http://Foscam.com-Support). Tæknilegar fyrirspurnir skal senda á ensku til support@foscam.com þar sem tegund Foscam myndavélar og lýsing kemur skýrt og greinilega fram.

Ef um ábyrgðarmál er að ræða þá skal senda nákvæma lýsingu galla, ásamt kennitölu kaupanda, reikningsnúmeri og dagsetningu kaupnótu til foscam@eirberg.is – Fyrirspurnum er svarað innan nokkurra daga.